



**73. fundur
skipulags- og byggingarnefndar Norðurlands
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlands,
þriðjudaginn 15. febrúar 2011 og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Jón Grímsson, Soffía Helgadóttir, Guðlaug Gísladóttir, Dóra Fjóra
Guðmundsdóttir, Hilmar Dúi Björgvinsson, Gaukur Hjartarson,

Fundargerð ritaði: Gaukur Hjartarson, Skipulags- og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

1. 201102048 - Ný samþykkt um gatnagerðar og þjónustugjöld í Norðurlandi

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillögu að nýrri samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu auk afgreiðslu- og þjónustugjalda. Tillagan innifelur óverulegar breytingar á eldri gjaldskrá frá desember 2007, nema hvað skilgreind er í galdskránni gjaldtaka vegna skipulagsvinnu skv. heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leiti og vísar henni til umfjöllunar í framkvæmda- og hafnanefnd og síðan til bæjarstjórnar.

2. 201102047 - Deiliskipulög

Rætt var um forgang verkefna við deiliskipulagsgerð í Norðurlandi.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að hefja undirbúning að deiliskipulagsvinnu svæðis milli Utgarðs og Pálsgarðs. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags miðhafnarsvæðis og suðurhafnar.

3. 201102046 - Almar Eggertsson hjá Faglausn ehf. f.h. Gentle Giants, óskar eftir breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis

Óskað er eftir að skipulags- og byggingarnefnd samþykki breytingu á byggingarrétti lóðarinnar að Hafnarstétt 7. Meðfylgjandi erindi er ófullgerð teikning af húsi sem lóðarhafi hefur áhuga á að byggja á lóðinni en fellur ekki að gildandi deiliskipulagi.

Ákveðið hefur verið að hefja endurskoðun deiliskipulags miðhafnarsvæðis þar sem tillaga lóðarhafa verður til skoðunar. Nefndin frestar því afgreiðslu erindisins.



4. 201101092 - Byggingarskýrsla Norðurlands 2010

Byggingarfulltrúi kynnti byggingarskýrslu Norðurlands fyrir árið 2010.

Engar athugasemdir gerðar.

5. 201101048 - Sveinn Hreinsson f.h. eignasjóðs Norðurlands sækir um leyfi til að rífa húsið Stafnes á Raufarhöfn.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins til næsta fundar.

6. 201101022 - Veitingahúsið Setberg ehf. sækir um leyfi til að setja tvo nýja glugga á neðri hæð Sölu að Garðarsbraut 6

Meðfylgjandi erindi eru teikningar af breytingu hússins og umsögn Húsafriðunarnefndar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi veitti leyfi fyrir framkvæmdinni með bréfi dags. 17. janúar 2011.

Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við þessa afgreiðslu.

7. 201102049 - Björn Jóhannsson f.h. eigenda að Héðinsbraut 4, óskar eftir samþykki fyrir fjölgun fasteigna.

Meðfylgjandi erindi eru teikningar af húsinu unnar af Birni Jóhannssyni.

Fyrir liggur umsögn eldvarnareftirlits Norðurlands dags. 14. febrúar 2011.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með þeim fyrirvara að skilað verði inn til byggingarfulltrúa fullnægjandi brunavarnaruppdrætti skv. gr. 18.7 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Uppdrátturinn skal sýna skiptingu byggingarinnar í brunasamstæður og brunahólf ásamt öðrum atriðum er lúta að brunavörnum í tilvísaðri grein.

8. 201102056 - Árni Hilmarsson óskar eftir endurskoðun á skráningu fasteigna að Ástjörn

Óskað er eftir samþykki fyrir breyttri skráningu fasteigna að Ástjörn þannig að hús verði skráð sem frístundahús í stað atvinnuhúsnæðis.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt, enda samræmast bæði byggingar og notkun þeirra frístundahúsanotkun.

9. 201101072 - Alþingi, ósk um umsögn v/breytinga á skipulagslögum, 113. mál

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands hefur kynnt sér frumvarp til



laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, þingskjal 122 - 113.
mál.

Nefndin telur framlagðar breytingar til bóta og veitir því jákvæða umsögn
um frumvarpið.

**10. 201101018 - Trésmiðjan Rein ehf. f.h. eigenda Skúlagarðs sækir um
leyfi til innri breytinga á húsnæðinu**

Málið var áður til umfjöllunar á fundi nefndarinnar í janúar s.l.

Nú hafa borist frekari teikningar af fyrirhuguðum breytingum unnar af
Arnhildi Pálmadóttur arkitekt. Fram kemur í byggingarlýsingu að unnið sé
að brunahönnun og hönnun sjálfvirks brunaviðvörðunarkerfis.

Kjallari hússins er ekki sýndur á teikningum og því ekki brunahólfun hans
frá öðrum rýmum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir ósk um breytingar enda verði
skilað inn til byggingarfulltrúa fullnægjandi endanlegum teikningum, þ.m.t.
brunahólfun kjallara, brunaviðvörðunarkerfi og stærðarskráningartöflu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30